

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hunda, sbr. staflið b. í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, með síðari breytingum, skal vera kr. 11.356. Eindagi gjaldsins er 1. júní ár hvert.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausa hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 348/2003 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum, 23. maí 2008,

Magnús H. Guðjónsson,
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2008